

Nd.

56. Tillaga

til þingsályktunar um styrk og lán til flóabáta.

Frá samgöngumálanefndinni.

Alþingi ályktar, að heimila landsstjórninni að veita hlutaðeigandi hjeruðum árið 1917 styrk til tveggja flóabáta, annars á Austfjörðum en hins á Húnaflóa, alt að 20 þúsund krónum til hvors samkvæmt skilyrðum gildandi fjárlaga.

En reynist ómögulegt að fá bátana leigða, þá heimilast landsstjórninni einnig að veita hjeruðunum bráðabirgðalán með 5% ársvöxtum til að kaupa slíka báta, alt að 90 þúsundum króna til hvors.

Gert er ráð fyrir, að bátarnir sjeu ekki minni en 100 smálestir hvor.

Fjarveitinganefnd Nd. samþykkti á fundi í dag að mæla með þingsályktunartillögu frá samgöngumálanefnd um styrk og lánsheimildir til flóabáta, samkvæmt því samtali um einstök atriði tillögunnar, er nefndin hefir átt við fundarstjóra samvinnunefndar samgöngumálanna.

Alþingi, 2. jan. 1917.

Björn Kristjánsson.

Gísli Sveinsson.

Til
samgöngumálanefndar.